

Tólfti fundur 2014 var haldinn að Breiðabliki mánudaginn 13. október kl. 21:00.

Mættir: Eggert Kjartansson, Katrín Gísladóttir, Herdís Þórðardóttir í fjarveru Atla Sveins Svanssonar, Halldór Jónsson og Þróstur Aðalbjarnarson.

Eggert setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
Katrín Gísladóttir ritar fundargerð.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Kjörgengi hreppsnefndarmanns og bréf frá Sigrúnu Erlu Eyjólfsdóttur. **Sigrún flutti lögheimili sitt að Áskinn 2 í Stykkishólmi 28. september síðastliðinn og hefur því misst kjörgengi sitt í sveitarfélaginu. Tvö bréf frá Sigrúnu lögð fram til kynningar dagsett 7.9 og 8.10. Halldór Jónsson tekur því sæti í hreppsnefnd og sem varamaður í fræðslu og skólanefnd en Þróstur verður þar aðalfulltrúi.**
2. Fyrri umræða um fjárhagsáætlun vegna 2015. **Samþykkt til seinni umræðu.**
3. Drög að samþykktum fyrir sveitarfélagið. **Samþykktar samhljóða.**
4. Drög að siðareglum fyrir sveitarfélagið. **Samþykktar samhljóða.**
5. Bréf frá Umhverfis og auðlindaráðuneytinu dagsett 6. Október og varðar staðfestingu á aðalskipulagi Eyja g Miklaholtshrepps. **Hreppsnefnd fagnar því að búið sé að staðfesta aðalskipulagið en það var gert 6.10.2014.**
6. Bókun samkvæmt Skv. ákvæði 35. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. **Hreppsnefnd telur að ekki sé þörf á heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins á yfirstandandi kjörtímabili, þar sem nýverið er búið að staðfesta aðalskipulag sveitarfélagsins. jafnframt telur sveitarstjórn að forsendur og þróun í sveitarfélaginu séu ekki þess eðlis að þær kalli á endurskoðun á aðalskipulaginu.**
7. 30 fundargerð skipulags og byggingarnefndar frá 16. September. **Samþykkt með þremur atkvæðum Eggerts, Katrínar og Herdísar gegn tveimur atkvæðum Halldórs og Þrastar. Bókun frá Þresti: Þegar fundargerð 30. Fundar var send fundarmönnum var gerð athugasemd við hana í tölvupósti þar sem Þróstur taldi að ætti að koma fram í liðnum önnur mál að ábending hafi komið fram að bygging sem risin er við Lynghaga samræmist ekki því byggingarleyfi sem áður var útgefið. Byggingarfulltrúa falið að kanna málið og koma því í viðunandi ferli. Þróstur telur því eðlilegra að fresta afgreiðslu þessa liðar þar til leiðrétting hafi átt sér stað á fundargerðinni. Bókun frá oddvita: Ekki hafa verið gerðar ath. við þá liði sem fram koma og því ekkert því til fyrirstöðu að afgreiða hana.**
8. Erindi frá Gísla Guðmundssyni dagsett 3. Október og varðar breytingu á pósthöð fyrir sveitarfélagið. **Búið er að senda beiðni til Íslandspósts um að skoða þessa hluti eins og samþykkt var á hreppsnefndarfundi 12. ágúst. Samþykkt samhljóða að málið**

verði í þeim farvegi áfram og oddviti ýti á að fá svör áður en ákvörðun yrði tekin um framhalið.

9. Námskeið frá KPMG og varðar kynningu á fjármálum sveitarfélaga. **Samþykkt samhljóða að fá námskeið og bjóða aðal og varamönnum hreppsnefndar á það.**
10. Erindi frá Stykkishólmsbæ og varðar beiðni um samningaviðræður um samstarf í skólamála á þeim sömu eða svipuðum nótum og eru í gildi milli Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar. **Búið er að setja af stað vinnu við að skoða skólamál á sunnanverðu Snæfellsnesi eins og samþykkt var á síðasta fundi og telur hreppsnefnd ekki rétt að svo stöddu að fara í viðræður við Stykkishólmsbæ vegna skólamála. Samþykkt með 3 atkvæðum Eggerts, Katrínar og Herdísar, Halldór og Þróstur sitja hjá.**

Fundargerðir lagaðar fram til kynningar:

11. Fundargerð auka aðalfundar FSS frá 8.9.2014
12. Fundargerð 818 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
13. Fundargerð 819 fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
14. Opinber útgáfa fundarg
15. Fundargerð 144. fundar félmn Snæfellinga 07.10. 2014

Lagt fram til kynningar:

16. Ársreikningur Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið.

Katrín Gísladóttir (sign)
Herdís Þórðardóttir (sign)
Þróstur Aðalbjarnarson (sign)
Halldór Jónsson (sign)
Eggert Kjartansson (sign)